



Íslandspóstur

Ársskýrsla / Annual report 2016







## Traust Vilji Framsækni



## Hlutverk

Hlutverk Íslandspósts er að veita áreiðanlega þjónustu fyrir fyrirtæki og einstaklinga á sviði dreifinga-, samskipta- og flutningalausna.



## Framtíðarsýn

Íslandspóstur verði nýjunga- og tæknidrifið fyrirtæki sem svarar síbreytilegum þörfum viðskiptavina.

---



# Ársskýrsla Íslandspósts 2016

---

4	Ávarp forstjóra: Góður viðsnúningur
6	Stjórn Íslandspósts
6	Framkvæmdastjórn Íslandspósts
7	Lykiltölur
8	Pósturinn á árinu 2016
13	Afkoma starfspátta
16	Ársreikningur
17	Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra
18	Áritun endurskoðenda
20	Rekstrarreikningur ársins 2016
21	Efnahagsreikningur 31. desember 2016
22	Eiginfjárfirlit 2016
23	Sjóðstreymisyfirlit ársins 2016
24	Skýringar
38	CEO's statement: Good turnaround
40	Consolidated financial statements
41	Endorsement and statement by the Board of Directors and the Managing Director
42	Independent auditor's report
44	Income statement for the year 2016
45	Balance sheet December 31, 2016
46	Statement of changes in equity for the year 2016
47	Statement of cash flows for the year 2016
48	Notes





## Góður viðsnúningur

Hagnaður varð af rekstri Íslandspóstis á árinu 2016, sem nam 121 milljón króna, og er það langþráð breyting eftir samfelldan taprekstur í þrjú ár þar á undan. Hreinn hagnaður var nokkru minni en upphafleg áætlun ársins 2016 gerði ráð fyrir, einkum vegna gengisáhrifa, þar sem styrking krónunnar leiddi til gengistaps, en á hinn bóginn gekk eftir umtalsverð lækkun kostnaðar milli ára vegna fækkunar dreifingardaga í sveitum. Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði var aftur á móti nokkru meiri en áætlun ársins gerði ráð fyrir og nam hann um 330 milljónum króna. EBITDA-framlegð nam um 726 milljónum króna eða sem svarar 8,5% af heildartekjum, en það er tæplega tveimur prósentustigum lægra hlutfall en almennt er stefnt að.

Segja má, að rekstur Íslandspóstis hafi gengið vel á árinu 2016, þótt enn vanti nokkuð upp á að hann skili þeim hagnaði, sem arðsemisstefna fyrirtækisins gerir ráð fyrir. Mikill vöxtur hefur verið í pakkasendingum síðustu ár og hélt sú þróun áfram á árinu 2016, en hana má að miklu leyti rekja til aukinnar netverslunar. Áhugaverð þróun hefur verið í rekjanlegum bréfum erlendis frá, en tæplega 50% aukning var á rekjanlegum bréfum frá útlöndum á milli ára. Tekjur af þessum sendingum eru bundnar alþjóðasamningum, sem almennt nægja ekki póstrekiendum á Vesturlöndum til þess að mæta kostnaði við slíkar sendingar, sem þó er skylt að sinna. Vörudreifing er sífellt vaxandi þáttur í rekstri Íslandspóstis og hafa áherslur fyrirtækisins beinst að því að ná enn betri árangri á því sviði með það að markmiði að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu í dreifingar-, samskipta- og flutningalausnum. Með því er unnið á móti áhrifum af verulegri fækkun bréfa, sem hefur verið viðvarandi síðasta áratug og eru horfur á sömu þróun næstu ár.

Síðastliðinn áratug hafa stjórnendur Íslandspóstis gripið til margvíslegra hagræðingaraðgerða, sem leitt hafa til sparnaðar í rekstri, er nemur nú árlega um 1,2 milljörðum króna. Breytingar í rekstri félagsins sem og í samkeppnisumhverfi þess eru hraðar og verkefni margvísleg, en heildartekjurnar hafa skilað sér og eru



vaxandi milli ára. Lögbundið dreifikerfi fer stækkandi samhliða fjölgun heimila og fyrirtækja á sama tíma og bréfum fer stöðugt fækkandi, hlutfall launakostnaðar af heildarrekstrarkostnaði er óvenjuhátt í pósthjónustu og launataxtar eru almennt enn of lágir. Takmörk eru fyrir því hve langt er hægt og hyggilegt að ganga með hækkun burðargjalda fyrir einkaréttarbréf, en frekari aðgerðir til þess að viðhalda óbreyttri pósthjónustu eða lækka kostnað við rekstur hennar eru að stærstum hluta háðar breytingum á lögum eða reglum um pósthjónustu. Öllum þessum þáttum verður að vinna í samhliða því að bæta gæði þjónustunnar og auka þjónustuframboð á samkeppnishæfu verði, sem hvort tveggja er til hagsbóta fyrir viðskiptavinum félagsins.

Íslandspóstur hefur um árabíl lagt áherslu á að félagið uppfylli ákvæði laga um að konum og körlum séu greidd jöfn laun fyrir sömu eða sambærileg störf, þannig að kynbundinn launamunur verði ekki til staðar hjá fyrirtækinu. Á árinu 2016 samdi félagið við PwC um framkvæmd jafnlaunaúttektar. Lagt var mat á launagreiðslur til allra starfsmanna og voru þær skoðaðar út frá lífaldri, starfsaldri, heildarvinnustundum og mikilvægi starfa. Í ljós kom að Íslandspóstur uppfyllti kröfur úttektarinnar og hlaut fyrirtækið því Gullmerki jafnlaunaúttektar PwC á árinu 2016.

Íslandspóstur og Samkeppniseftirlitið hafa lokið vinnu við sáttargjörð, sem felur í sér lok rannsókna af hálfu eftirlitsins vegna nokkurra mála. Ánægjulegt er að því máli sé nú lokið og er óhætt að fullyrða, að aðgerðir þær, sem ráðist verður í á grundvelli sáttarinnar, séu fyrirtækinu og rekstrarumhverfi þess til hagsbóta. Markmið þeirra er að efla samkeppni og vinna gegn samkeppnishömlum á póstmárkaði, sem leiða af ákvæðum laga um alþjónustu og einkarétt ríkisins og Íslandspóstis í umboði þess á dreifingu áritaðra bréfa undir 50 g. Í sáttinni kemur fram að Íslandspóstur muni skerpa frekar gagnsæi í rekstri fyrirtækisins, afmörkun verði gerð milli meginþátta í rekstrinum og ráðist verði í gerð sérstakra rekstraruppgjöra umfram það





sem lögbundnar kröfur segja til um. Er það von stjórnenda fyrirtækisins að efni sáttarinnar geti orðið til þess að leiða betur í ljós að samkeppnisstarfsemi Íslandspósts sé rekin á eðlilegum forsendum og sé ekki niðurgreidd af einkaréttarstarfsemi umfram það, sem nauðsynlegt og heimilt er vegna alþjónustuskyldu.

Ljóst er að rekstrarumhverfi Íslandspósts er á margan hátt flókið, þar sem fyrirtækið fer með einkarétt ríkisins á dreifingu póstsendinga undir 50 g, ber víðtækar lögboðnar alþjónustuskyldur ríkisins um land allt og á milli landa og er háð greiðslum samkvæmt alþjóðasamningum, sem allt í senn hefur verið fyrirtækinu kostnaðarsamt. Samhliða fara ýmsir þættir póstpjónustu Íslandspósts fram á samkeppnismarkaði. Stjórnendur Íslandspósts hafa um árabíl vakið máls á því, að einkaréttur í bréfadreifingu þjóni ekki hagsmunum Íslandspósts og hafa forsvarsmenn fyrirtækisins talað fyrir því að einkarétturinn verði afnuminn svo sem ráð er fyrir gert í póstillskipun Evrópusambandsins. Jafnhliða því þurfa stjórnvöld að ákveða umfang póstpjónustunnar og þá hvort og hvernig standa eigi undir kostnaði við lögbundna þjónustu, sem til þessa hefur að fullu verið borin uppi af Íslandspósti án opinberra styrkja, ólíkt því sem við á víðast hvar í Evrópuríkjum.

Síðustu misseri hefur stjórn Íslandspósts fjallað sérstaklega um rekstrargrundvöll og rekstrarafkomu póstpjónustunnar undanfarin ár sem og greinargerð verkefnastjórnar ríkisstjórnarinnar um rekstrarskilyrði Íslandspósts, sem unnin var á árinu 2014. Jafnframt hefur m.a. verið farið yfir ábendingar til innanríkisráðherra á undanföllum árum um brostnar forsendur fyrir rekstri póstpjónustunnar og nauðsyn þess að niðurstaða fái mat á kostnaðarlegri byrði vegna alþjónustuskyldu, sem Íslandspóstur hefur unnið og lagt mat á fyrir sitt leyti. Þá hefur stjórnin jafnframt tekið til skoðunar og umfjöllunar í ljósi nýfallinna dóma skyldur og ábyrgð stjórnar og stjórnenda Íslandspósts í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög, einkum hvað varðar ríkar skyldur stjórnenda til þess að horfa til hagsmuna félagsins sem

sjálfstæðrar einingar og þar með einnig lánardrottna þess, en ekki að samsama félagið við hluthafa í því.

Í framhaldi af þeirri umfjöllun var innanríkisráðherra kynnt sú afstaða stjórnar og stjórnenda Íslandspósts að óverjandi væri að halda áfram rekstri póstpjónustunnar við óbreyttar aðstæður, þar sem stjórnendur fyrirtækisins hafa ekki nægjanlegt svigrúm til þess að grípa í tíma til nauðsynlegra rekstrarlegra ákvarðana. Það hefur leitt til þess að félagið hefur á undanföllum árum þurft að greiða niður póstpjónustu með því að ganga á eigið fé og fjármagna taprekstur með lántökum. Slíkt svigrúm er ekki lengur fyrir hendi. Fjárhagslegur grundvöllur til þess að halda uppi starfsemi í samræmi við rekstrarleyfi er löngu brostinn. Því er ekki hjá því komist að vekja enn og aftur athygli á því og nú á þessum vettvangi að brýna nauðsyn ber til að taka gildandi lög um póstpjónustu nr. 19/2002 til gagn Gerrar endurskoðunar varðandi þjónustuskyldur og samhliða því að móta afstöðu til þess hvort þeim verði breytt eða að ríkissjóður greiði ófjármagnaða alþjónustubyrði. Óbreytt fyrirkomulag getur ekki gengið fyrir rekstrarfélag, sem bundið er ákvæðum laga um hlutafélög.

Starfsmenn Íslandspósts hafa tekist á við krefjandi rekstur af miklum áhuga og krafti. Rekstrarþættir á forræði þeirra gengu vel í öllum meginatriðum og er ástæða nú sem fyrr til þess að þakka þeim gott starf á árinu 2016. Stefna Íslandspósts er skýr og er þannig stöðugt unnið að því að þróa rekstur félagsins í samræmi við óskir viðskiptavina, því þeir eru hinn endanlegi dómari. Okkur er mikilvægt að þeirra dómur falli okkur í vil og því leggjum við áherslu á að halda okkar striki; fylgja stefnu fyrirtækisins og gildum þess með því að standa fyrir traust, vilja og framsækni.

**Ingimundur Sigurpálsson,**  
forstjóri



# Stjórn Íslandspósts

---



Ólöf Kristín Sveinsdóttir  
Eiríkur Haukur Hauksson, formaður stjórnar  
Svanhildur Hólm Valsdóttir  
Preben Jón Pétursson  
Jón Ingi Cæsarsson

# Framkvæmdastjórn Íslandspósts

---



Hörður Jónsson, framkvæmdastjóri pósthúsasviðs  
Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri starfsmannasviðs  
Tryggvi Þorsteinsson, framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs  
Helga Sigríður Böðvarsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs  
Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri  
Anna Katrín Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri markaðs- og sölusviðs



# Lykiltölur

	2016	2015	2014
<b>TEKJUR</b>			
Rekstrartekjur .....	8.524.118	7.600.096	7.278.500
<b>GJÖLD</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4.949.626	4.418.722	3.994.529
Annar rekstrarkostnaður .....	2.848.747	2.813.073	2.804.693
Rekstrargjöld samtals .....	7.798.373	7.231.795	6.799.222
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 195.985)	( 123.926)	( 110.698)
Afskriftir .....	( 395.963)	( 395.753)	( 410.291)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt .....	133.797	( 151.378)	( 41.711)
Tekjuskattur .....	( 13.116)	32.951	( 1.266)
Hagnaður (tap) ársins .....	120.681	( 118.427)	( 42.977)
<b>KENNITÖLUR</b>			
Veltufjárhlutfall .....	1,56	1,57	1,28
Eiginfjárhlutfall .....	0,43	0,42	0,47
Innra virði hlutfjár .....	1,59	1,51	1,59
Rekstrarhagnaður án afskrifta (EBITDA)			
í hlutfalli af heildartekjum .....	8,5%	4,8%	6,6%
Rekstrarafkoma (EBIT) í hlutfalli af heildartekjum .....	3,9%	-0,4%	0,9%
Arðsemi eigin fjár .....	5,5%	-5,1%	-1,8%



## Áframhaldandi vöxtur í pakkasendingum og vörudreifingu

Mikill vöxtur hefur verið í pakkasendingum síðustu ár og hélt sú þróun áfram árið 2016. Þessa aukningu má að mestu leyti rekja til aukinnar netverslunar en færst hefur í vöxt að Íslendingar kaupi vörur og þjónustu á netinu. Það má t.d. sjá á tilbóðsdögum eins og „Black Friday“ og „Cyber Monday“ en magnið sem fylgir þessum dögum jókst á milli ára og má rekja það bæði til erlendra og innlendra netverslunar. Áhugaverð þróun hefur verið í rekjanlegum bréfum erlendis frá en tæplega 50% fjölgun var á rekjanlegum bréfum frá útlöndum á milli ára. Þá hefur þökkum innanlands einnig fjölgað um 24% á milli ára.

Á síðustu árum hefur Pósturinn lagt meiri áherslu á að dreifa stórum sendingum og hefur verið talsverður vöxtur á þeim vettvangi en fyrirtækið flutti 53% fleiri stórar sendingar en árið á undan. Pósturinn og IKEA gerðu með sér samstarfssamning á árinu og samkvæmt honum annast Pósturinn vörudreifingu á sendingum frá IKEA á höfuðborgarsvæðinu. Mikil áhersla hefur verið lögð á vörudreifingu á síðustu árum og er þessi samningur liður í þeirri þróun.

Einnig var undirritaður þriggja ára samstarfssamningur við Distica sem fól í sér að Pósturinn tók við allri vörudreifingu fyrir Distica bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. Þess má geta að starfsemi beggja fyrirtækja er vottuð samkvæmt ISO 9001 gæðastaðlinum.

Vörudreifing er sífellt vaxandi svið hjá Póstinum og áherslur fyrirtækisins markast af því að ná enn betri árangri á þeim vettvangi og veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu á sviði dreifingar-, samskipta- og flutningalausna.

## Sjálfsafgreiðsluleiðir

Á árinu voru sjálfsafgreiðsluleiðir sem Pósturinn hefur verið að koma upp settar á oddinn og þær kynntar fyrir viðskiptavinum. Mikill meirihluti allra sendinga er nú skráður af viðskiptavinum á postur.is og hafa heimsóknir á skráningarvefinn margfaldast. Vinsældir Póstboxanna hafa vaxið mikið en viðskiptavinir geta með þeirri þjónustu greitt gjöld af sendingu á netinu og náð svo í pakkann í Póstbox hvenær sem er sólarhringsins. Mikil aukning hefur einnig verið á því að viðskiptavinir forskrái sendingar og sendi inn reikninga áður en sendingar berast til landsins. Þetta leiðir til þess að styttri tíma tekur að vinna sendingar og komast þær því fyrr í hendur viðskiptavina. Nánast öll samskipti varðandi tollamál fara fram í gegnum heimasíðuna en áður fóru þessu samskipti að mestu fram í tölvupóstum og í gegnum síma. Þá geta viðskiptavinir nú einnig sent inn tjónaskýrslur beint í gegnum heimasíðuna.

## Pósthús

Eins og annars staðar í fyrirtækinu markaðist árið á pósthúsum af mikilli fjölgun pakkasendinga og aðlögun að henni, t.d. með því að búa til meira pláss til að taka á móti meira magni. Allt gekk



vel í þeim efnum og fjölgaði afhentum sendingum á pósthúsum mikið á árinu. Viðskiptavinir sem komu á pósthús til þess að póstleggja sendingu voru einnig hvattir til að skrá sendingar sínar á postur.is sem hefur leitt til þess að vinnslan á sendingum er hraðari ásamt því að það tryggir að upplýsingar á sendingum séu réttar.

Nokkrar breytingar voru gerðar á pósthúsum Póstsins á árinu. Póstafgreiðslan í Búdardal var opnuð sumarið 2016 í sameiginlegu húsnæði með Arion banka. Á Blönduósi var starfsemin flutt tímabundið en verið er að endurinnrétta póstafræðsluna þar. Á Seyðisfirði og í Ólafsfirði voru afgreiðslur fluttar í Samkaup frá Landsbankanum annars vegar og Arion banka hins vegar. Einnig var farið í samstarf við Samkaup á Eskifirði. Þá tók póstbíll við þjónustunni í Vogum. Á árinu var undirritaður samstarfssamningur við Símann en samkvæmt honum er Pósturinn þjónustuaðili Símans víðsvegar um landið. Samstarfið hefur gengið vel.

### Dreifing

Vorið 2016 gengu í gegn reglugerðarbreytingar varðandi dreifingardaga í dreifbýli en eftir að þær tóku gildi hefur verið dreift annan hvern virkan dag á þeim svæðum þar sem þær eiga við. Eftir breytinguna dreifir Pósturinn daglega til 95% heimila landsmanna. Þessu tengt var einnig hætt að greiða fyrir póstkassa í sveitum á árinu en Pósturinn hafði greitt fyrir þá áður.

Á árinu voru tekin í notkun 15 rafmagnsprírhjól við dreifingu víðsvegar um landið. Þau eru fyrst og fremst ætluð fyrir dreifingu á bréfapósti en þó er einnig hægt að flytja stærri sendingar með þeim. Hjólin geta farið hratt yfir stórt svæði og eru því verulega hagstæð í dreifingu en þau auka yfirferð og afköst ásamt því að auka þægindi fyrir starfsfólk. Hjólin koma frá svissneska fyrirtækinu Kyburz og hafa sannað gildi sitt og er líklegt að fleiri slík hjól bætist í hópinn á næstu árum. Hjólin eru umhverfisvæn, sérhönnuð fyrir póstdreifingu og hægt er að nota þau allt árið um kring ef aðstæður leyfa.

### Frímerkjaútgáfa

Á árinu voru gefin út 30 frímerki á fjórum útgáfudögum. Efnifrímerkjanna var fjölbreytt og að venju var merkra tímamóta minnst með nokkrum frímerkjaútgáfum, svo sem 50 ára afmælis Ríkissjónvarpsins, 100 ára afmælis Alþýðusambands Íslands, 150 ára afmælis Ísafjarðarbæjar og 200 ára afmælis Hins íslenska bókmenntafélags.

Þá var einnig gefin út smáörk á Degi frímerkisins til að minnst þess að 80 ár voru liðin frá því að franska rannsóknaskipið Pourquoi-Pas? fór út af Álftanesi á Mýrum í Borgarfirði. Fjörutíu skipverjar, þar á meðal Jean-Baptiste Charcot, létu þar lífið en þessi atburður var mikil sorgarfrétt á Íslandi á sínum tíma.


Frímerkjasalan tók þátt í HönnunarMars 2016 með sýningu í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu þar sem frímerkjaröðin Íslensk samtímalist VII, tileinkuð innlendri keramikhönnun, var sýnd ásamt verkum þeirra fjögurra listamanna sem áttu verk á frímerkjunum.

### Jafnlaunavottun PwC

Pósturinn hlaut á árinu Gullmerki jafnlaunavottunar PricewaterhouseCoopers (PwC) en úttektin greinir hvort fyrirtækið greiði starfsmönnum sömu laun fyrir sambærilegt starf, óháð kyni. Pósturinn hefur mótað skýra stefnu í jafnréttismálum og er það fyrirtækinu mikil viðurkenning að hljóta Gullmerkið. Konur eru í meirihluta meðal starfsmanna, eða um 54%, og er hlutfall kvenna í stjórnunarstöðum 58%. Unnið hefur verið eftir jafnréttisáætlun á síðustu árum til að tryggja jafna stöðu kvenna og karla innan fyrirtækisins. Í henni kemur meðal annars fram að markmiðið sé að


## GREIDDUR ARÐUR

MILLJÓNIR KRÓNA




## AFKOMA 2001-2016

MILLJÓNIR KRÓNA



## EINKARÉTTUR - MAGNBREYTING

MILLJÓNIR BRÉFA



● Raun ● Spá



tryggja jafna stöðu kynjanna, að gætt sé að því að kynjunum sé ekki mismunað í úthlutun verkefna eða tilfærslum í störfum og að þess sé gætt að kynjunum séu greidd jöfn laun fyrir sambærileg störf.

### Fræðslu – og starfsmannamál

Á haustmánuðum 2016 var Workplace innleitt hjá Póstinum. Vefurinn er byggður upp á svipaðan máta og Facebook en er algerlega aðskilinn og aðeins ætlaður fyrirtækjum. Starfsemi Póstsins er mjög dreifð og starfa um 1000 starfsmenn hjá fyrirtækinu um land allt. Workplace hefur gert samskipti hraðari og skilvirkari ásamt því að það auðveldar öllum starfsmönnum að koma sínum skoðunum á framfæri.

Eins og undanfarin ár var mikil áhersla lögð á P18, stefnu Póstsins, en í tengslum við hana voru haldnir sérstakir gildadagar þar sem minnt var á gildi fyrirtækisins. Á haustmánuðum var svo P18-vikan haldin í annað sinn en þar fékk hver dagur sitt þema, t.d. var hrósdagur sem gekk út á að hrósa samstarfsmönnum og rauður dagur þar sem markmiðið var að fá alla til að mæta í öllu rauðu í vinnuna. P18-vikan er haldin í tengslum við áætlanagerð fyrir næsta ár. Mikil og góð þátttaka var í P18-vikunni og gekk hún mjög vel.

Haldin var Öryggis- og heilsuvika en þar var áhersla lögð á heilðræna heilsu- og öryggishegðun, starfsmenn voru fræddir um líkamsbeitingu og sjúkraþjálfarar heimsóttu stærstu vinnustaði og leiðbeindu við vinnubrögð og vinnuaðstæður. Hjúkrunarfræðingar heimsóttu vinnustaði og var þá boðið upp á ýmsar heilsufarsmælingar. Starfsmenn um allt land gátu nýtt

sér að fara í heilsufarsmælingu en þar sem hjúkrunarfræðingur kom ekki á staðinn gátu starfsmenn farið á næstu heilsugæslu. Áhersla var lögð á námskeið um meðferð og flutning lyfja en mjög mikilvægt er að starfsmenn séu vel upplýstir um hvernig skal athafna sig við lyfjaflutninga. Þá var einnig lögð rík áhersla á að kynna hættulegan varning í pósti, sérstaklega fyrir þá sem starfa í afgreiðslum pósthúsa og þá sem sjá um flokkun og vinnslu pakka

Ýmis önnur fræðsla var í boði á árinu eins og áður en meðal erinda voru Karlar og krabbamein í tengslum við átak Bláa naglans og Vani og viljastyrkur sem kynnti aðferðir til að breyta eigin hegðun til hins betra.

Af öðru ber að nefna að hin árlega viðhorfskönnun starfsmanna var gerð á haustmánuðum og var nú framkvæmd af Gallup í fyrsta sinn. Þá var fjölmenn fjölskylduhátíð haldin á vormánuðum og Pósturinn tók þátt í Hjólað í vinnuna.

### Skattaspor

Verðmætasköpun sem verður í starfsemi fyrirtækisins hefur þau áhrif að það stendur skil á margvíslegum sköttum og gjöldum til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða. Skattgreiðslur eru mikilvægur þáttur í framlagi fyrirtækja til samfélagsins og þeirri félagslegu uppbyggingu sem þar á sér stað. Skattaspor fyrirtækis innifelur allar greiðslur sem viðkomandi fyrirtæki greiðir til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða auk skatta sem innheimtir eru fyrir hönd yfirvalda og skilað til þeirra. Árlegt skattaspor Íslandspósts er um 1,7 milljarðar kr.



# STAÐREYNDIR UM PÓSTINN



**140**  
PÓSTBÍLAR



**16**  
RAFHJÓL



**62**  
STARFSSTÖÐVAR



**1115**  
STARFSMENN



**54%**  
STARFSMENN  
**58%**  
STJÓRNENDUR




**46%**  
STARFSMENN  
**42%**  
STJÓRNENDUR



**186.977**  
SÍMTÖL



**42.691**  
NETSAMTÖL



**8**  
PÓSTBOX





PÓSTBOXY  
24/7

Þarftu aðstoð?  
Hringdu í 580 1351  
[www.postur.is](http://www.postur.is)

Myndbandspítala í gæng



# Afkoma starfspáttu

Í þeim tilgangi að greina afkomu gerir Íslandspóstur upp meginstarfspætti fyrirtækisins sem skiptast í (i) Einkarétt innan alþjónustu, (ii) Samkeppni innan alþjónustu og (iii) Samkeppni utan alþjónustu. Tekjum og gjöldum hefur verið skipt upp í þessa helstu starfspætti eftir viðurkenndum aðferðum sem taka meðal annars mið af magni og umfangi við meðhöndlun sendinga ásamt reiknaðri ávöxtunarkröfu á fjármagn.

Settar eru fram kröfur um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekinda í reglugerð nr. 313/2005. Reglugerðin inniheldur meðal annars ákvæði um framkvæmd aðgreiningarinnar og upplýsingaskyldu póstrekinda til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar sendir Íslandspóstur Póst- og fjarskiptastofnun árlega sundurliðaðar bókhalds- og fjármálaupplýsingar varðandi aðgreininguna. Póst- og fjarskiptastofnun hefur með yfirliti vegna bókhaldslegs aðskilnaðar Íslandspósts árið 2015, dagsettu þann 8. desember 2016, staðfest framkvæmd og niðurstöður vegna ársins 2015. Forsendur og niðurstöður fyrir árið 2016 eru sendar til Póst- og fjarskiptastofnunar í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar sem mun taka þær til umfjöllunar.

Niðurstöður Íslandspósts um skiptingu rekstrar í framangreinda starfspætti eru þannig:

2016	Einkaréttur * innan alþjónustu	Samkeppni * innan alþjónustu	Samkeppni utan alþjónustu	Samtals
Rekstrartekjur .....	3.191.147	3.345.470	1.268.257	7.804.874
Rekstrargjöld .....	(2.692.345)	(4.121.231)	(1.108.381)	(7.921.957)
Afkoma starfspáttu .....	498.802	(775.761)	159.876	(117.083)
Eignarekstur .....				250.880
Afkoma fyrir tekjuskatt .....				133.797
Tekjuskattur .....				(13.116)
Afkoma ársins .....				120.681
<b>2015</b>	<b>Einkaréttur * innan alþjónustu</b>	<b>Samkeppni * innan alþjónustu</b>	<b>Samkeppni utan alþjónustu</b>	<b>Samtals</b>
Rekstrartekjur .....	2.874.645	2.989.649	1.149.627	7.013.921
Rekstrargjöld .....	(2.861.667)	(3.555.959)	(1.038.955)	(7.456.581)
Afkoma starfspáttu .....	12.978	(566.310)	110.672	(442.660)
Eignarekstur .....				291.282
Afkoma fyrir tekjuskatt .....				(151.378)
Tekjuskattur .....				32.951
Afkoma ársins .....				(118.427)

\*Á Íslandspósti hvílir alþjónustuskylða sem nær til sendinga allt að 20 kg. Henni fylgir sú kvöð að sinna þeim þáttum þjónustunnar sem ekki eru arðbærir. Samhliða alþjónustuskuldunni hefur félagið einkarétt á dreifingu áritaðra bréfa undir 50 g og er tekjum vegna einkaréttar meðal annars ætlað að standa undir þeim þáttum þjónustunnar sem ekki eru arðbærir en veittir eru eingöngu á grundvelli alþjónustuskuldunnar. Hluti af kostnaði sem færður er meðal rekstrargjalda í samkeppni innan alþjónustu tilheyrir þeim óarðbæru þáttum sem tekjum af einkarétti er ætlað að standa undir.



Er sending á leiðin

[www.postur.is](http://www.postur.is)

TGL 10.220



PÓSTURINN

[www.postur.is](http://www.postur.is)



ni til þín?



PÓSTURINN



2016

# ÁRSREIKNINGUR ÍSLANDSPÓSTS



## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

### Rekstur árið 2016

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Íslandspóstis ohf. og dótturfélaga þess sem eru Trönur ehf., Samskipti ehf., Frakt flutningsmiðlun ehf., ePóstur ehf. og Gagnageymslan ehf.

Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á árinu að fjárhæð 120,7 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé þann 31. desember 2016 nam 2.314 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Hlutfé félagsins þann 31. desember 2016 nam 1.448 millj. kr. og er það allt í eigu ríkissjóðs.

Þrátt fyrir hagnað af rekstri Íslandspóstis á árinu 2016 var afkoman á árinu ekki í samræmi við áætlanir um nauðsynlegan hagnað. Stjórnendur Íslandspóstis telja afar brýnt að við þær sérstöku aðstæður á póstmarkaði sem uppi eru og blasa við með áframhaldandi fallandi markaði einkaréttarbréfa, verði þeir að geta brugðist tímanlega við breyttum rekstrarforsendum, bæði varðandi verðlagningu og möguleika til hagræðingaraðgerða, en framkvæmd þar að lútandi er að hluta til háð regluverki innanlands og alþjóðasamningum um verð. Við framtíðarskipan pósthjónustunnar er einnig afar brýnt að skýrt verði hvernig fjármagna á þann hluta hennar sem ekki er arðbær. Svigrúm til að greiða niður þá þjónustu eins og gert hefur verið með því að ganga á eigið fé Íslandspóstis er ekki lengur fyrir hendi.

### Stjórnarhættir

Stjórn Íslandspóstis leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar hafa verið út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland. Stjórnin starfar í samræmi við eigendastefnu ríkisins, samþykktir félagsins og vinnureglur sem hún hefur sett sér. Í reglunum er meðal annars að finna skilgreiningu á valdsviði og verkaskiptingu stjórnar, ákvæði um hæfi stjórnarmanna, reglur um þagnarskyldu og fleira.

### Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2016, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2016 og breytingu á handbæru fé á árinu 2016.

Jafnframt er það álit okkar að samstæðureikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, um stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Íslandspóstis ohf. hafa í dag rætt um ársreikning fyrir árið 2016 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund félagsins að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 17. febrúar 2017

Stjórn:

*Eiríkur Haukur Hauksson, Svanhildur Hólm Valsdóttir  
Jón Ingi Cæsarsson, Ólöf Kristín Sveinsdóttir, Preben Jón Pétursson*

Forstjóri:

*Ingimundur Sigurpálsson*

## Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Íslandspóstshf.

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Íslandspóstshf. og dótturfélaga („samstæðan“) fyrir árið 2016. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitund eru í skýrslu stjórnar sem fylgir samstæðuársreikningi þessum veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2016, afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér á eftir. Við erum óháðir Íslandspósthf. og í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að undirbyggja álit okkar.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg víska er mikil víska, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda samstæðuársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit okkar. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum hvort reikningskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi.



## Áritun endurskoðenda frh.

- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metum í heild sinni hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar og berum ábyrgð á álitum okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem kunna að koma upp við endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 17. febrúar 2017

*Sveinn Arason*  
Ríkisendurskoðandi

*Óskar Sverrisson*  
Endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2016

REKSTRARTEKJUR	Skýr.	2016	2015
Tekjur af póstpjónustu .....		7.081.452	6.409.494
Aðrar tekjur .....		1.442.666	1.190.602
		<u>8.524.118</u>	<u>7.600.096</u>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	4	4.949.626	4.418.722
Beinn kostnaður við póstdreifingu .....		1.357.370	1.458.086
Annar rekstrarkostnaður .....		1.491.377	1.354.987
		<u>7.798.373</u>	<u>7.231.795</u>
Rekstrarafkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) .....		<u>725.745</u>	<u>368.301</u>
Afskriftir .....	7	( 395.963)	( 395.753)
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) .....		<u>329.782</u>	<u>( 27.452)</u>
Fjármunatekjur .....		37.636	26.124
Fjármagnsgjöld .....		( 233.621)	( 150.050)
Hrein fjármagnsgjöld .....	6	( 195.985)	( 123.926)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt .....		133.797	( 151.378)
Tekjuskattur .....	16	( 13.116)	32.951
Hagnaður (tap) ársins .....		<u>120.681</u>	<u>( 118.427)</u>
<b>SKIPTING AFKOMU</b>			
Hluthafar móðurfélags .....		119.302	( 120.676)
Hlutdeild minnihluta .....		1.379	2.249
Heildarafkoma og tap ársins .....		<u>120.681</u>	<u>( 118.427)</u>
<b>AFKOMUHLUTUR OG ÞYNNTUR AFKOMUHLUTUR</b>			
Afkomuhlutur og þynntur afkomuhlutur á hverja krónu hlutafjár .....	14	0,08	( 0,08)



## Efnahagsreikningur 31. desember 2016

EIGNIR	Skýr.	2016	2015
Rekstrarfjármunir .....	7	3.170.097	3.196.441
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	8	80.372	80.372
Skuldabréf .....	9	7.844	12.401
Tekjuskattinneign .....	16	1.251	13.167
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>		<u>3.259.564</u>	<u>3.302.381</u>
Birgðir .....	10	182.234	176.399
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur .....	11	1.515.015	1.334.418
Handbært fé .....	12	405.660	419.082
Eignir til sölu .....	13	7.798	7.798
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>		<u>2.110.707</u>	<u>1.937.697</u>
<b>EIGNIR SAMTALS</b>		<u><u>5.370.271</u></u>	<u><u>5.240.078</u></u>
<b>EIGIÐ FÉ</b>			
Hlutfé .....	14	1.447.500	1.447.500
Lögbundinn varasjóður .....	15	357.343	351.378
Bundið eigið fé .....	15	13.093	0
Óráðstafað eigið fé .....		486.145	385.901
<b>EIGIÐ FÉ HLUTHAFA FÉLAGSINS</b>		<u>2.304.081</u>	<u>2.184.779</u>
Hlutdeild minnihluta .....		9.515	10.386
<b>EIGIÐ FÉ</b>		<u>2.313.596</u>	<u>2.195.165</u>
<b>SKULDIR</b>			
Skuldabréfalán .....	17	1.699.818	1.810.437
Tekjuskattsskuldbinding .....	16	495	0
<b>LANGTÍMASKULDIR</b>		<u>1.700.313</u>	<u>1.810.437</u>
Tekjuskattur til greiðslu .....	16	705	2.186
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	18	1.355.657	1.232.290
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>		<u>1.356.362</u>	<u>1.234.476</u>
<b>SKULDIR</b>		<u>3.056.675</u>	<u>3.044.913</u>
<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS</b>		<u><u>5.370.271</u></u>	<u><u>5.240.078</u></u>

## Eiginfjárfirlit 2016

	Hlutafé	Annað eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals	Hlutdeild minnihluta	Samtals
<b>ÁRIÐ 2016</b>						
Eigið fé 1.1.2016 .....	1.447.500	351.378	385.901	2.184.779	10.386	2.195.165
Arður til minnihluta .....				0	( 2.250)	( 2.250)
Lagt í lögbundinn varasjóð .....		5.965	( 5.965)	0		0
Hagnaður ársins .....			119.302	119.302	1.379	120.681
Fært á bundið eigið fé .....		13.093	( 13.093)	0		0
Eigið fé 31.12.2016 .....	<u>1.447.500</u>	<u>370.436</u>	<u>486.145</u>	<u>2.304.081</u>	<u>9.515</u>	<u>2.313.596</u>

## ÁRIÐ 2015

Eigið fé 1.1.2015 .....	1.447.500	351.378	506.577	2.305.455	8.137	2.313.592
(Tap) hagnaður ársins .....			( 120.676)	( 120.676)	2.249	( 118.427)
Eigið fé 31.12.2015 .....	<u>1.447.500</u>	<u>351.378</u>	<u>385.901</u>	<u>2.184.779</u>	<u>10.386</u>	<u>2.195.165</u>

Upplýsingar um breytingar á öðru eigin fé má sjá í skýringu 15.



## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2016

	Skýr.	2016	2015
<b>REKSTRARHREYFINGAR</b>			
Hagnaður (tap) ársins .....		120.681	( 118.427)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Tap (hagnaður) af sölu eigna .....		18.987	( 2.081)
Afskriftir .....	7	395.963	395.753
Fjármagnsgjöld .....	6	195.985	123.926
Tekjuskattur .....	16	12.411	( 35.137)
<b>VELTUFÉ FRÁ REKSTRI</b>		<u>744.027</u>	<u>364.034</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun .....		( 5.835)	20.497
Skammtímakröfur, hækkun .....		( 277.881)	( 182.847)
Skammtímaskuldir, hækkun .....		136.289	98.236
<b>BREYTINGAR Á REKSTRARTENGDU EIGNUM OG SKULDUM</b>		<u>( 147.427)</u>	<u>( 64.114)</u>
Innheimtar vaxtatekjur .....		19.060	11.141
Greidd vaxtagjöld .....		( 117.100)	( 88.664)
Greiddir skattar .....		2.185	0
<b>HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI</b>		<u>500.745</u>	<u>222.397</u>
<b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR</b>			
Fasteignir og lóðir .....	7	( 22.355)	( 65.979)
Áhöld, tæki og bifreiðar .....	7	( 408.085)	( 259.489)
Söluverð eigna .....		41.834	44.435
Önnur breyting .....		5.933	5.588
<b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR</b>		<u>( 382.673)</u>	<u>( 275.445)</u>
<b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR</b>			
Tekin ný langtímalán .....		0	500.000
Greiddur arður .....		( 2.250)	0
Afborganir langtímalána .....		( 129.244)	( 114.595)
<b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR</b>		<u>( 131.494)</u>	<u>385.405</u>
<b>(LÆKKUN) HÆKKUN Á HANDBÆRU FÉ</b> .....		<b>( 13.422)</b>	<b>332.357</b>
<b>HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN</b> .....		<b>419.082</b>	<b>86.725</b>
<b>HANDBÆRT FÉ Í ÁRSLOK</b> .....	12	<u><u>405.660</u></u>	<u><u>419.082</u></u>

## Skýringar

### 1. FÉLAGIÐ

Íslandspóstur ohf. („félagið“) er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar og lögheimili er að Stórhöfða 29 í Reykjavík. Ársreikningur samstæðu félagsins hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sem samstæðunnar.

### 2. GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILANNA

#### a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn þann 17. febrúar 2017.

#### b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs.

#### c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

#### d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

### 3. TEKJUR

Tekjur samstæðunnar af þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í þeim mánuði sem þjónustan er innt af hendi án tillits til þess hvenær uppgjör fyrir hana berast. Tekjur vegna vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar áhætta og ávinningur flyst til kaupanda sem jafnan er við afhendingu.

### 4. LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD

Félagið hefur skuldbundið sig til að greiða viðbótarframlag til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nemur 6% af mismun heildarlauna og viðmiðunarlauna þeirra starfsmanna sem nýta sér rétt til greiðslu iðgjalda í sjóðinn meðan þeir starfa hjá félaginu.

Laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður greinast þannig:	2016	2015
Laun .....	3.982.147	3.532.520
Mótframlag í lífeyrissjóð .....	383.836	338.730
Önnur launatengd gjöld .....	361.315	337.551
Annar starfsmannakostnaður .....	222.328	209.921
Laun og launatengd gjöld samtals .....	4.949.626	4.418.722
Stöðugildi .....	833	816

Laun og hlunnindi stjórnar og æðstu stjórnenda námu 111 millj. kr. á árinu (2015: 104 millj. kr.). Þar af voru laun forstjóra 17 millj. kr. (2015: 14 millj. kr.) og laun til stjórnarmanna 9 millj. kr. (2015: 8 millj. kr.). Laun stjórnarformanns eru tvöföld laun stjórnarmanns. Samningar við stjórnendur félagsins kveða hvorki á um kauprétt á hlutum í félaginu né sérstakar greiðslur við starfslok.



## Skýringar frh.

### 5. PÓKNANIR TIL ENDURSKOÐENDA

Greiðslur til Ríkisendurskoðunar greinast þannig:	2016	2015
Endurskoðun ársreiknings .....	5.138	5.836
Könnun árshlutareikninga .....	6.065	3.387
Samtals .....	<u>11.203</u>	<u>9.223</u>

### 6. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

#### Fjármunatekjur

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjárfestingum, gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum og arði af eignarhlutum í öðrum félögum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til.

#### Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum og gengistapi af erlendum gjaldmiðlum.

#### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2016	2015
Vaxtatekjur og verðbætur .....	19.430	11.502
Arðstekjur .....	18.206	14.622
Fjármunatekjur samtals .....	<u>37.636</u>	<u>26.124</u>
Vaxtagjöld og verðbætur .....	( 137.138)	( 132.030)
Gengistap .....	( 96.483)	( 18.020)
Fjármagnsgjöld samtals .....	<u>( 233.621)</u>	<u>( 150.050)</u>
Hrein fjármagnsgjöld samtals .....	<u>( 195.985)</u>	<u>( 123.926)</u>

### 7. REKSTRARFJÁRMUNIR

#### Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisryrnun. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við kaupin. Þegar rekstrarfjármunir samanstanda af einingum sem hafa mismunandi nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og færðar miðað við mismunandi nýtingartíma.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er mismunur á söluandvirði og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna og gjalda.

#### Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til vegna endurnýjunar á hluta rekstrarfjármuna er eignfærður meðal rekstrarfjármuna þegar sá kostnaður fellur til, ef líklegt er að framtíðarhagnaður sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

## Skýringar frh.

### 7. REKSTRARFJÁRMUNIR, FRH.

#### Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Leigðar eignir eru afskrifaðar á leigutíma eða nýtingartíma ef hann er skemmri en leigutími. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fasteignir .....	20-25 ár
Áhöld, tæki, bifreiðar og innréttingar .....	3-10 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi.

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir og lóðir	Áhöld, tæki og bifreiðar	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>			
Staða 1.1.2015 .....	3.216.121	3.103.549	6.319.670
Viðbót á árinu .....	65.979	259.489	325.468
Selt og niðurlagt .....	( 93.284)	( 58.821)	( 152.105)
Staða 31.12.2015 .....	3.188.816	3.304.217	6.493.033
Staða 1.1.2016 .....	3.188.816	3.304.217	6.493.033
Viðbót á árinu .....	22.355	408.085	430.440
Selt og niðurlagt .....	0	( 161.825)	( 161.825)
Staða 31.12.2016 .....	3.211.171	3.550.477	6.761.648
<b>Afskriftir</b>			
Staða 1.1.2015 .....	1.334.479	1.677.549	3.012.028
Afskriftir ársins .....	123.737	272.016	395.753
Selt og niðurlagt .....	( 60.554)	( 50.635)	( 111.189)
Staða 31.12.2015 .....	1.397.662	1.898.930	3.296.592
Staða 1.1.2016 .....	1.397.662	1.898.930	3.296.592
Afskriftir ársins .....	101.023	294.940	395.963
Selt og niðurlagt .....	0	( 101.004)	( 101.004)
Staða 31.12.2016 .....	1.498.685	2.092.866	3.591.551
<b>Bókfært verð</b>			
1.1.2015 .....	1.881.642	1.426.000	3.307.642
31.12.2015 og 1.1.2016 .....	1.791.154	1.405.287	3.196.441
31.12.2016 .....	1.712.486	1.457.611	3.170.097
Afskriftahlutföll .....	0-5%	10-33%	

#### Vátryggingar og mat eigna

Vátryggingarverð, fasteignamat og bókfært verð eigna í árslok nam eftirfarandi fjárhæðum:

	2016	2015
Vátryggingarverð fasteigna .....	3.499.060	3.649.044
Fasteignamat fasteigna og lóða .....	1.969.607	1.911.045
Bókfært verð fasteigna og lóða .....	1.712.486	1.791.154
Vátryggingaverð áhalda, tækja og bifreiða .....	5.027.994	4.877.154
Bókfært verð áhalda, tækja og bifreiða .....	1.457.611	1.405.287

#### Veðskuldir

Á eignum samstæðunnar hvíla tryggingabréf og skuldabréf til tryggingar eftirstöðva skulda að fjárhæð 1.285 millj. kr. (2015: 1.332 millj. kr.)



## Skýringar frh.

### 8. EIGNARHLUTIR Í ÖÐRUM FÉLÖGUM

#### Fjáreignir til sölu

Fjárfestingar samstæðunnar í hlutabréfum eru flokkaðar sem fjáreignir til sölu. Þegar hlutabréf eru ekki skráð á virkum markaði og ekki hægt að meta gangvirði þeirra með áreiðanlegum hætti er fjárfestingin færð á upphaflegu kostnaðarverði að teknu tilliti til greindrar virðisrýrnunar.

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	2016		2015	
	Nafnverð	Bókfært verð	Nafnverð	Bókfært verð
Internet á Íslandi hf. ....	3.781	45.352	3.781	45.352
Vörusjá ehf. ....	27.500	27.500	27.500	27.500
Sendill is Unimaze ehf. ....	25	5.000	25	5.000
Eurogiro, nafnverð 100 þús. DKK .....		2.520		2.520
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals ....		<u>80.372</u>		<u>80.372</u>

### 9. SKULDABRÉFAEIGN

Skuldabréfaeign greinist þannig:

	2016	2015
Staða 1.1 .....	17.932	22.369
Verðbætur .....	298	372
Afborganir .....	( 5.780)	( 5.434)
Breyting á niðurfærslu .....	548	625
Afborganir næsta árs .....	( 5.154)	( 5.531)
Skuldabréfaeign 31.12 .....	<u>7.844</u>	<u>12.401</u>

### 10. BIRGÐIR

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvort sem lægra reynist. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætludum kostnaði við að selja vöru. Kostnaður við birgðir er byggður á meðalkostnaðarverðsreglunni við birgðamat og tekur til kostnaðar sem stofnað hefur verið til við kaup birgðanna og við að koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi.

Birgðir í árslok greinast þannig:

	2016	2015
Birgðir rekstrar- og söluvara .....	90.738	93.850
Frímerkjabirgðir .....	91.496	82.549
Birgðir samtals .....	<u>182.234</u>	<u>176.399</u>

Gjaldfærsla birgða á árinu nam 145 millj. kr. (2015: 143 millj. kr.)

### 11. VIÐSKIPTAKRÖFUR OG AÐRAR KRÖFUR

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur greinast þannig:

	2016	2015
Nafnverð viðskiptakrafna .....	1.223.208	1.112.815
Niðurfærsla viðskiptakrafna sem kunna að tapast .....	( 133.618)	( 112.778)
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar .....	5.154	5.531
Aðrar skammtímakröfur .....	420.271	328.850
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samtals .....	<u>1.515.015</u>	<u>1.334.418</u>

## Skýringar frh.

### 12. HANDBÆRT FÉ

Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnstæður.

Handbært fé greinist þannig:	2016	2015
Markaðsverðbréf .....	25.484	24.215
Óbundnar bankainnstæður .....	374.373	390.422
Sjóðir .....	5.803	4.445
Handbært fé samtals .....	405.660	419.082

### 13. EIGNIR TIL SÖLU

Pegar gert er ráð fyrir að bókfært verð fastafjármuna (eða eignasamstæða sem samanstanda af eignum og skuldum) verði endurheimt aðallega með sölu þeirra fremur er áframhaldandi notkun, eru eignirnar eða eignasamstæðurnar endurflokkaðar í efnahagsreikningi sem eignir til sölu. Áður en endurflokkunin á sér stað eru eignirnar (eða einstakir hlutar eignasamstæða) endurmetnir í samræmi við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar. Eftir það eru eignirnar (eða eignasamstæðurnar) almennt metnar á bókfærðu verði eða hreinu gangvirði, hvoru sem lægra reynist.

Eignir til sölu greinast þannig:	2016	2015
Staða 1.1 .....	7.798	50.140
Selt á árinu .....	0	( 42.342)
Eignir til sölu samtals .....	7.798	7.798

### 14. EIGIÐ FÉ

#### Hlutafé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 1.448 millj. kr. og hafa allir hlutir verið greiddir. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

#### Arður

Ekki var greiddur arður á árinu 2016 vegna rekstrarársins 2015 (2015: 0 kr.)

#### Lögbundinn varasjóður

Félaginu er skylt að leggja minnst 10% þess hagnaðar, sem ekki fer til þess að jafna hugsanlegt tap fyrri ára og ekki er lagt í aðra lögbundna sjóði, í lögbundinn varasjóð uns hann nemur 10% hlutafjárins. Þegar því marki hefur verið náð skulu framlög vera minnst 5% þar til sjóðurinn nemur 25% hlutafjárins. Heimilt er að nota varasjóð til að jafna tap sem ekki er unnt að jafna með færslu úr öðrum sjóðum. Þegar varasjóður nemur meiru en 25% hlutafjárins er heimilt að nota upphæð þá sem umfram er til þess að hækka hlutaféð eða, sé fyrirmæla 53. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög gætt, til annarra þarfa.

#### Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut sem reiknaður er sem hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til almennra hluthafa í félaginu og vegins meðalfjölda útistandandi almennra hluta á árinu. Félagið hefur ekki gert kaupréttarsamninga né tekið lán sem breytanlegt er í hlutafé, þannig að þynntur hagnaður á hlut er jafn grunnhagnaði á hlut.



## Skýringar frh.

### 15. ANNAD EIGIÐ FÉ

Annað eigið fé greinist þannig:	Bundinn		
	Lögbundinn varasjóður	hlutdeildar- reikningur	Samtals
Annað eigið fé 1.1. og 31. 12. 2015 .....	351.378	0	351.378
Annað eigið fé 1. 1. 2016 .....	351.378	0	351.378
Hlutdeild í hagnaði dótturfélaga .....		15.391	15.391
Móttekinn arður .....		( 2.298)	( 2.298)
Lagt í lögbundinn varasjóð .....	5.965		5.965
Annað eigið fé 31. 12. 2016 .....	357.343	13.093	370.436

Samkvæmt lögum nr. 73/2016 frá júní 2016 ber félögum að færa hlutdeild í afkomu dóttur- eða hlutdeildarfélag, sem færð er í rekstrarreikning og er umfram móttekinn arð sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn hlutdeildarreikning meðal eigin fjár. Löggin taka gildi frá og með 1. janúar 2016. Áhrif ákvæðisins hafa ekki verið metin til fulls en ákveðin óvissa ríkir um gildistöku þess og framkvæmd.

### 16. TEKJUSKATTUR

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilfellum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörstegi auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggir á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörstegi.

Tekjuskattseign er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni, sem unnt verður að nýta eignina á móti. Tekjuskattseign er metin á hverjum uppgjörstegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi ekki til með að nýtast.

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:	2016		2015	
<b>Skattar til greiðslu</b>				
Skattar ársins .....		705		2.186
<b>Frestaðir skattar</b>				
Tímabundnir mismunir .....		12.411		( 35.137)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....		13.116		( 32.951)
<b>Virkur tekjuskattur greinist þannig:</b>		2016		2015
Hagnaður (tap) ársins .....		120.681		( 118.427)
Tekjuskattur .....		13.116		( 32.951)
Hagnaður (tap) án tekjuskatts .....		133.797		( 151.378)
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli .....	20,0%	26.759	20,0%	( 30.276)
Óskattskyldar tekjur .....	( 6,8%)	( 9.127)	0,0%	0
Ófrádráttarþær kostnaður .....	0,0%	12	0,0%	0
Áhrif skattalegra tapa .....	( 2,5%)	( 3.294)	1,8%	( 2.675)
Annað .....	( 0,9%)	( 1.234)	0,0%	0
Virkur tekjuskattur .....	9,8%	13.116	21,8%	( 32.951)

## Skýringar frh.

### 16. TEKJUSKATTUR, FRH.

Tekjuskattsinnæign og -skuldbinding félagsins greinist þannig:	2016	2015
Tekjuskattsinnæign (-skuldbinding) 1.1 .....	13.167	( 21.970)
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	( 13.116)	32.951
Tekjuskattur til greiðslu .....	705	2.186
Tekjuskattsinnæign (-skuldbinding) 31.12 .....	<u>756</u>	<u>13.167</u>
Tekjuskattsinnæignin og (-skuldbindingin) greinist þannig í árslok:		
Rekstrarfjármunir .....	( 39.851)	( 41.434)
Viðskiptakröfur .....	13.595	6.703
Frestaður gengismunur .....	14.638	104
Yfirfæranlegt skattalegt tap .....	34.926	70.583
Niðurfærsla skatteignar .....	( 22.409)	( 22.712)
Birgðir .....	( 143)	( 77)
Samtals .....	<u>756</u>	<u>13.167</u>

### 17. VAXTABERANDI SKULDIR

Vaxtaberandi skuldir greinast þannig:	2016	2015
Lán bundin vísitölu neysluverðs .....	1.798.403	1.893.656
Óverðtryggt lán í ISK .....	7.304	10.842
Lán í EUR .....	20.685	26.444
Lán í CHF .....	20.593	25.309
Lán í JPY .....	6.824	8.269
Næsta árs afborganir .....	( 153.991)	( 154.083)
Langtímaskuldir .....	<u>1.699.818</u>	<u>1.810.437</u>
Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:		
Árið 2016 .....		154.083
Árið 2017 .....	153.991	157.854
Árið 2018 .....	157.761	161.851
Árið 2019 .....	161.541	165.907
Árið 2020 .....	165.734	170.338
Árið 2021 .....	168.778	174.828
Síðar .....	1.046.004	979.659
Langtímaskuldir samtals, þar með talda næsta árs afborganir .....	<u>1.853.809</u>	<u>1.964.520</u>

### 18. VIÐSKIPTASKULDIR OG AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:	2016	2015
Viðskiptaskuldir .....	614.575	510.045
Aðrar skammtímaskuldir .....	741.082	722.245
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir samtals .....	<u>1.355.657</u>	<u>1.232.290</u>



## Skýringar frh.

### 19. STÝRING FJÁRMÁLALEGRAR ÁHÆTTU

#### Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

- \* lánsáhætta
- \* lausafjárahætta
- \* markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og stýra áhættunni. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Stjórn móðurfélagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Stjórnin hefur falið forstjóra móðurfélagsins umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustýring og aðferðir eru yfirfarnar reglulega til að endurspeglar breytingar á markaðsaðstæðum og starfsemi samstæðunnar. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

#### Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

#### *Viðskiptakröfur og aðrar kröfur*

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna. Atvinnugreinar og staðsetning viðskiptamanna hafa minni áhrif á lánsáhættu.

Samstæðan hefur sett útlánareglur þar sem allir nýir viðskiptamenn eru metnir áður en þeim er veittur gjaldfrestur. Greiðslusaga nýrra viðskiptamanna er könnuð og þeim settar hámarksúttektir og trygginga krafist sé talin ástæða til þess.

Flestir viðskiptamenn samstæðunnar hafa átt í áralöngum viðskiptum við hana og tapaðar viðskiptakröfur hafa verið tiltölulegar litlar í hlutfalli af veltu. Við stýringu lánsáhættu vegna viðskiptamanna er einkum horft til aldurs krafna og fjárhagsstöðu einstakra viðskiptamanna. Viðskiptakröfur og aðrar kröfur samstæðunnar eru bæði á einstaklinga og félög. Viðskiptamenn sem flokkaðir eru sem áhættusamir geta ekki átt frekari lánsviðskipti við samstæðuna nema greiða niður skuldir sínar.

Samstæðan myndar niðurfærslu vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna, annarra krafna og fjárfestinga. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er metin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

Viðskiptakröfur samstæðunnar eru færðar niður um 134 millj. kr. (2015: 113 millj. kr.) og skuldabréf í eigu félagsins eru færð niður um 1 millj. kr. (2015: 2 millj. kr.)

## Skýringar frh.

### 19. STÝRING FJÁRMÁLALEGRAR ÁHÆTTU, FRH.

#### Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að hún hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Samningsbundnar greiðslur af fjárskuldum greinast þannig í árslok:

	Bókfært verð	Innan 1 árs	2-3 ár	4-5 ár	Meira en 5 ár
<b>2016</b>					
Skuldabréfalán .....	1.853.809	265.220	513.815	490.230	1.987.408
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	1.355.657	1.355.657			
	<u>3.209.466</u>	<u>1.620.877</u>	<u>513.815</u>	<u>490.230</u>	<u>1.987.408</u>
<b>2015</b>					
Skuldabréfalán .....	1.964.520	272.775	529.007	504.444	2.195.955
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....	1.232.290	1.232.290			
	<u>3.196.810</u>	<u>1.505.065</u>	<u>529.007</u>	<u>504.444</u>	<u>2.195.955</u>

#### Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhhættu er að stýra og takmarka áhhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

#### Gjaldmiðlagengisáhætta

Lántaka samstæðunnar sem er að 3% hluta í erlendri mynt, EUR, CHF og JPY, myndar gengisáhættu sem ekki er varin. Vextir af þessum lánum eru að jafnaði lægri en af lánum sem móðurfélagið tekur í íslenskum krónum.

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna krafna á erlendar pósthjórnir og viðskiptavini í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli samstæðufélaganna. Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru SDR og EUR. Samstæðan ver sig að jafnaði ekki fyrir gjaldmiðlaáhættu.

#### Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar í íslenskum krónum eru bundnar vísitölu neysluverðs eða óverðtryggðar og eru ýmist með breytilegum eða föstum vöxtum. Lántökur í erlendri mynt eru með breytilegum vöxtum. Ef vaxtakjör hefðu verið 1% lakari en þau reyndust vera hefði afkoma samstæðunnar verið 19 millj. kr. lakari á árinu 2016 en 19 millj. kr. betri ef vaxtakjör hefðu reynst 1% betri en raunin var. Ef vaxtakjör hefðu verið 1% lakari á árinu 2015 en þau reyndust vera hefði afkoma samstæðunnar verið 20 millj. kr. lakari á árinu 2015 en 20 millj. kr. betri ef vaxtakjör hefðu reynst 1% betri en raunin var.

#### Önnur markaðsverðsáhætta

Önnur markaðsverðsáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum eru óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

#### Eiginfjárstýring

Það er stefna stjórnar félagsins að eiginfjárstaða félagsins sé sterk til að styðja við stöðugleika í framtíðarþróun starfseminnar. Stjórn félagsins leitast við að halda jafnvægi milli ávöxtunar eigin fjár, sem mögulegt er að hækka með aukinni skuldsetningu, og hagræði og öryggi sem næst með sterku eiginfjárlutfalli. Félaginu ber ekki að fylgja ytri reglum um eiginfjárlutfall.



## Skýringar frh.

### 20. TENGDIR AÐILAR

Tengdir aðilar félagsins eru íslenska ríkið og fyrirtæki og stofnanir sem tilheyra því auk stjórnar félagsins, helstu stjórnenda þess og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra. Félagið á viðskipti við tengda aðila sína og eru viðskiptin verðlögð eins og um ótengda aðila væri að ræða.

### 21. FÉLÖG Í SAMSTÆÐUNNI

Dótturfélög:	Eignarhlutur	
	2016	2015
Samskipti ehf. ....	100%	100%
Trönur ehf. ....	100%	100%
Frakt flutningsmiðlun ehf. ....	62,5%	62,5%
ePóstur ehf. ....	100%	100%
Gagnageymslan ehf. ....	100%	100%

### 22. BÓKHALDSLEG OG FJÁRHAGSLEG AÐGREINING

Settar eru fram kröfur um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekkenda í reglugerð nr. 313/2005. Reglugerðin inniheldur meðal annars ákvæði um framkvæmd aðgreiningarinnar og upplýsingaskylda póstrekkenda til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar sendir Íslandspóstur Póst- og fjarskiptastofnun árlega sundurliðaðar bókhalds- og fjármálaupplýsingar varðandi aðgreininguna.

Þann 8. desember 2016 birti Póst- og fjarskiptastofnun yfirlit yfir bókhaldslegan aðskilnað Íslandspósts vegna rekstrarársins 2015 og var það niðurstaða stofnunarinnar eftir skoðun gagnanna að kostnaðarbókhald og bókhaldslegur aðskilnaður félagsins væri í samræmi við viðurkennda aðferðarfræði og ákvæði laga um póstpjónustu og fyrrnefnda reglugerð um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekkenda.

Niðurstöður um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri vegna rekstrarársins 2016 verða sendar Póst- og fjarskiptastofnun í samræmi við fyrirmæli reglugerðarinnar.

### 23. AÐRAR UPPLÝSINGAR

Íslenska ríkið fer með einkarétt á dreifingu bréfa allt að 50 gr. en hefur falið Íslandspósti að annast einkarétt þess á póstpjónustu. Einkarétti á bréfadreifingu hefur fylgt svokölluð alþjónustuskylða sem felst í því að tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að ákveðnum þáttum póstpjónustu, bæði innanlands og milli landa, með tilteknum gæðum og á viðráðanlegu verði. Á Íslandspósti hvílir því alþjónustuskylða sem nær til sendinga allt að 20 kg. Með henni kemur sú kvöð að sinna þeim þáttum þjónustunnar sem ekki eru arðbærir en tekjum vegna einkaréttar er meðal annars ætlað að standa undir þeim þáttum starfseminnar.

Undanfarin ár hefur einkaréttarbréfum fækkað verulega og eru horfur á sömu þróun næstu ár. Það hefur leitt til þess að tekjur af einkarétti hafa á síðustu árum ekki staðið undir kostnaði við þá alþjónustuskylðu sem á félaginu hvílir og því hefur afkoma þess ekki verið viðunandi. Þrátt fyrir að hagnaður hafi orðið af rekstri Íslandspósts á árinu 2016 var félagið rekið með samfelldu tapi í þrjú á þar á undan sem leitt hefur til þess að eiginfjárlutfall hefur farið lækkanði og var 43% í árslok.

Vakin er athygli á 3. mgr. í skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra um óvissu í rekstrarumhverfi félagsins og ábendingar varðandi framtíðarskipan póstpjónustu.

## Skýringar frh.

### 24. ÁRSFJÓRÐUNGAYFIRLIT

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga (óendurskoðaðar upplýsingar):

	4. árs- fjórðungur	3. árs- fjórðungur	2. árs- fjórðungur	1. árs- fjórðungur	Samtals
<b>Árið 2016</b>					
Tekjur af pósthjónustu ..	2.097.305	1.693.779	1.660.802	1.629.566	7.081.452
Aðrar tekjur .....	455.184	334.887	363.670	288.925	1.442.666
	<u>2.552.489</u>	<u>2.028.666</u>	<u>2.024.472</u>	<u>1.918.491</u>	<u>8.524.118</u>
Laun og launat. gjöld .....	1.410.927	1.165.089	1.226.423	1.147.187	4.949.626
Beinn kostnaður við póstdreifingu .....	358.854	309.131	308.758	380.627	1.357.370
Annar rekstrarkostnaður .	465.731	323.881	378.827	322.938	1.491.377
	<u>2.235.512</u>	<u>1.798.101</u>	<u>1.914.008</u>	<u>1.850.752</u>	<u>7.798.373</u>
EBITDA .....	316.977	230.565	110.464	67.739	725.745
Afskriftir .....	( 101.731)	( 99.692)	( 99.281)	( 95.259)	( 395.963)
EBIT .....	<u>215.246</u>	<u>130.873</u>	<u>11.183</u>	<u>( 27.520)</u>	<u>329.782</u>
Fjármagnsgjöld .....	( 55.325)	( 63.809)	( 50.743)	( 26.108)	( 195.985)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt .....	159.921	67.064	( 39.560)	( 53.628)	133.797
Tekjuskattur .....	( 29.849)	( 10.425)	11.605	15.553	( 13.116)
Hagnaður (tap) .....	<u>130.072</u>	<u>56.639</u>	<u>( 27.955)</u>	<u>( 38.075)</u>	<u>120.681</u>
<b>Árið 2015</b>					
Tekjur af pósthjónustu ....	1.894.313	1.509.025	1.500.308	1.505.848	6.409.494
Aðrar tekjur .....	371.456	277.255	279.612	262.279	1.190.602
	<u>2.265.769</u>	<u>1.786.280</u>	<u>1.779.920</u>	<u>1.768.127</u>	<u>7.600.096</u>
Laun og launat. gjöld .....	1.285.094	1.103.842	1.031.580	998.206	4.418.722
Beinn kostnaður við póstdreifingu .....	402.713	353.999	350.260	351.114	1.458.086
Annar rekstrarkostnaður .	426.203	295.883	316.549	316.352	1.354.987
	<u>2.114.010</u>	<u>1.753.724</u>	<u>1.698.389</u>	<u>1.665.672</u>	<u>7.231.795</u>
EBITDA .....	151.759	32.556	81.531	102.455	368.301
Afskriftir .....	( 97.365)	( 97.200)	( 96.884)	( 104.304)	( 395.753)
EBIT .....	<u>54.394</u>	<u>( 64.644)</u>	<u>( 15.353)</u>	<u>( 1.849)</u>	<u>( 27.452)</u>
Fjármagnsgjöld .....	( 12.608)	( 52.060)	( 49.956)	( 9.302)	( 123.926)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt .....	41.786	( 116.704)	( 65.309)	( 11.151)	( 151.378)
Tekjuskattur .....	( 9.454)	24.855	10.858	6.692	32.951
Hagnaður (tap) .....	<u>32.332</u>	<u>( 91.849)</u>	<u>( 54.451)</u>	<u>( 4.459)</u>	<u>( 118.427)</u>

## Skýringar frh.

### 25. KENNITÖLUR

Helstu kennitölur samstæðunnar:	2016	2015
Veltufjárlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir .....	1,56	1,57
Eiginfjárlutfall - eigið fé / heildarfjármagn .....	0,43	0,42
Innra virði hlutfjár - eigið fé / hlutfé .....	1,59	1,51
Rekstrarafkoma án afskrifta (EBITDA) í hlutfalli af heildartekjum .....	8,5%	4,8%
Rekstrarafkoma (EBIT) í hlutfalli af heildartekjum .....	3,9%	-0,4%
Arðsemi eigin fjár .....	5,5%	-5,1%

### 26. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAADFERÐIR

Reikningsskilaaðferðum sem er lýst hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll tímabil sem koma fram í ársreikningnum.

#### a. Grundvöllur samstæðu

##### (i) Sameiningar fyrirtækja

Samstæðan færir sameiningu fyrirtækja með því að nota kaupaðferðina þegar yferráð flytjast til hennar. Endurgjald fyrir yfirtöku er að jafnaði metið á gangvirði eins og keyptar hreinar aðgreinanlegar eignir. Viðskiptavild sem verður til er virðisprófuð árlega. Allur hagnaður af hagstæðum kaupum er færður í rekstrarreikning þegar í stað. Viðskiptakostnaður er gjaldfærður þegar hann fellur til nema hann tengist útgáfu skuldabréfa eða hlutabréfa.

Endurgjaldið felur ekki í sér fjárhæðir vegna uppgjörs viðskiptasambanda. Slíkar fjárhæðir eru almennt færðar í rekstrarreikning.

##### (ii) Dótturfélög

Dótturfélög eru félög þar sem samstæðan fer með yferráð. Samstæðan fer með yferráð þegar hún ber áhættu eða hefur ávinning af breytilegri arðsemi af hlutdeild sinni í félaginu og getur haft áhrif á arðsemina vegna yferráða sinna. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningnum frá því að yferráð nást og þar til þeim lýkur.

##### (iii) Hlutdeild annarra eigenda

Hlutdeild annarra eigenda, það er þeirra sem ekki eru ráðandi, er metin miðað við hlutdeild þeirra í aðgreinanlegum eignum yfirtekinnar einingar á kaupdegi.

Breyting á hlutdeild samstæðunnar í dótturfélagi sem leiðir ekki til þess að yferráð tapist er færð sem viðskipti með eigið fé.

##### (iv) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar.

#### b. Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga teljast fjárfestingar í hlutabréfum og skuldabréfum, viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald og er allur beinn viðskiptakostnaður færður til hækkunar á virði þeirra við upphaflega skráningu í bókhald. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir á afskrifuðu kostnaðarverði, að undanskildum fjáreignum til sölu sbr. hér að neðan.



## Skýringar frh.

### 26. MIKILVÆGAR REIKNINGSSKILAAÐFERÐIR, FRH.

#### c. Virðisrýrnun

##### (i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst vera virðisrýrð ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað eftir upphaflega skráningu í bókhald benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eigninni verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti hins vegar. Virðisrýrnun fjáreigna til sölu er ákvörðuð með hliðsjón af gangvirði þeirra á hverjum tíma.

Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru metnar í flokkum með svipuðum lánsáhættueinkennum.

Virðisrýrnun fjáreigna er færð í rekstrarreikning. Uppsafnað tap af fjáreignum til sölu sem fært hefur verið á eigið fé er fært í rekstrarreikning við virðisrýrnun.

Virðisrýrnun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti atburðum sem orðið hafa eftir að virðisrýrnun var færð. Bakfærsla fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er færð í rekstrarreikning.

##### (ii) Aðrar eignir

Bókfært verð eigna samstæðunnar, annarra en birgða (sjá reikningsskilaaðferð e) er yfirfarið á hverjum uppgjörsdegi til að meta hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Ef eitthvað bendir til þess er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar áætluð.

Virðisrýrnun er færð þegar bókfært verð eignar eða sjóðskapandi hluta hennar verður hærra en endurheimtanlega fjárhæð hennar. Virðisrýrnun er færð til gjalda í rekstrarreikningi.

Endurheimtanleg fjárhæð eigna eða sjóðskapandi eininga er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi núvirt miðað við markaðsvexti eignarinnar fyrir skatta, sem sýna núverandi markaðsmat á tímavirði fjármuna og áhættuna sem tengist eigninni.

#### d. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagaleg eða ætluð skylda vegna liðinna atburða, líklegt er að til greiðslu komi og hægt er að meta hana á áreiðanlegan hátt.

#### e. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim

Samstæðan hefur innleitt þá nýju staðla og breytingar á þeim sem taka gildi fyrir reikningsárið sem hófst 1. janúar 2016. Innleiðing staðlanna hafði ekki veruleg áhrif á samstæðuársreikninginn. Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og endurbætur á stöðlum gilda fyrir reikningsár sem hefjast eftir 1. janúar 2016 og er heimilt að beita fyrir gildistöku þeirra. Samstæðan hefur ekki nýtt heimildirnar við gerð þessa samstæðureiknings. Stjórnendur telja að innleiðing á þessum stöðlum muni ekki hafi veruleg áhrif á samstæðureikninginn að undanskildum áhrifum vegna innleiðingar IFRS 16 sem tekur gildi fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2019. Ekki hefur verið lagt mat á möguleg áhrif af innleiðingu þess staðals en hann mun gilda um reikningsskil félagsins verði hann staðfestur af Evrópusambandinu.











**Hönnun og umbrot:** Elías Jóhann Jónsson

**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja umhverfsvottuð

**Ljósmyndir:** Bernhard Kristinn, Óli H. Valtýsson og Víðir Björnsson

